Verksmiðjuframleitt einingahús 20% ódýrara en vísitöluhúsið

NÝLOKIÐ er byggingu einbýlishúss sem framleitt var af Húseiningum h.f. á Siglufirði, en hús þetta er verksmiðjuframleitt einingahús úr timbri. Er það við Steinasel 1 í Breiðholtshverfi í Reykjavík, en annað hús frá Húseiningum er þar einnig í smíðum.

Forráðamenn Húseininga h.f. kynntu húsið fyrir fréttamönnum í gær og sagði Matthías Sveinsson framkvæmdastjóri að tildrög þess að Húseiningar hösluðu sér völl sunnanlands væru þau að ákveðið hefði verið að reisa hús á höfuðborgarsvæðinu til að kynna framleiðsluna á þéttbýlissvæði. Sótt hefði verið um lóðir til Reykjavíkurborgar og ætti nú, er húsið væri tilbúið, að gefa fólki kost á að gera verðsamanburð og skoða húsið, en það verður sýnt á laugardag og sunnudag.


Húsið við Steinasel 1 er um 150 m² að meðtöldum bílskúr og nemur heildarverð þess 14.396.000 krónum, þ.e. húsið samansett á sökkli með innréttingum þar með töldum teppum á gólfi og að öllu leyti fullbúið. Hlutur Húseininga í þessu verði er kr. 6.960.000 sem er um 48% heildarverðsins og opinber gjöld og hita- og rafmagnsinntak o.fl. eru 1.571.000 kr. Kostnaður við gerð sökkuls sagði Matthías að hefði verið nokkuð mikill, eða 3,2 milljónir króna, en grunnur var djúpur og því hefði þessi liður verið stærri en gera hefði mátt ráð fyrir.

Samanburður á verði þessa húss og vísitöluhúsi eins og það væri í dag sagði Matthías Sveinsson að væri um 44% einingahúsinu í hag eða sem svaraði því að vísitöluhús af svipaðri stærð kostaði um 20 milljónir króna. Þessi samanburður væri þó ekki alveg réttur því vísitalan hefði hækkað meðan á byggingartíma hússins stóð en samanburður í dag á verðskrá Húseininga h.f. og vísitölunni væri um það bil 20% Húseiningum í hag á t.d. 110 fermetra húsi. Um samanburð á rekstrarkostnaði steinhúsa og timburhúsa sagði Matthías að einangrunargildi timburhússins væri um 25% meira en steinhúss skv. athugunum sem hefðu verið gerðar og þýddi það lægri hitunarkostnað. Um annað viðhald sagði Matthías að það stæðist fyllilega samanburð þar sem fúavarnaefni væru orðin það vönduð og mjög fljótlegt væri að bera þau á. Þá sagði hann að hinn stutti byggingartími væri ótvíræður kostur og nefndi hann sem dæmi að fjölskylda hefði fengið einingar í hús sitt afhentar í nóvemberbyrjun s.l. og hefði flutt í húsið fyrir jól þannig að byggingartíminn hefði verið um 7 vikur.

— Þessi stutti byggingartími rekst nokkuð á við lánaútvegun, Húseiningar hafa að nokkru leyti orðið að taka að sér hlutverk lánastofnunar, sem er þó varla hægt, sagði Matthías, en þó ber að geta þess að Húsnæðismálastofnunin og félagsmálaráðuneytið hafa samþykkt nokkrar breytingar á úthlutunarreglum til þeirra er byggja einingahús á þann veg að 1. og 2. hluta lánsins er úthlutað í einu 3—6 mánuðum eftir að húsið er gert fokhelt og síðasta hlutanum 6 mánuðum síðar. Þetta er þannig í framkvæmd að húsbyggjendur ávísa á okkur húsnæðismálastjórnarlánum sínum og nú eigum við í slíkum ávísunum um það bil 150 milljónir króna og bindur það hendur okkar verulega að geta ekki haft þetta fjármagn í rekstrinum. Við getum því ekki aukið við framleiðslugetu verksmiðjunnar, sem er nú um 100 hús á ári, en það væri nauðsynlegt því nú er útlit fyrir að við séum búnir að selja það sem við getum annað á þessu ári.


Annað atriði má nefna sem gerir okkar samkeppnisaðstöðu veikari, sagði Matthías, sem það er að okkur er gert að greiða söluskatt af verkstæðisvinnunni, sem getur numið nokkur hundruð þúsund krónum en húseiningaverksmiðjurnar hafa barizt fyrir því að fá þetta niðurfellt nú í nokkur ár. Þá hefur lengi verið nokkur andstaða gegn timburhúsum, sem er nú að minnka að ég held, en til eru ákvæði í byggingarskilmálum, sem samræmast illa staðlaðri framleiðslu og nú veit ég til þess að í a.m.k. tveimur nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur er unnið að því að skipuleggja hverfi er byggð yrðu húsum sem þessum.

Hjá Húseiningum h.f. starfa nú um 25 manns. Sem fyrr segir verður húsið að Steinaseli 1 sýnt almenningi kl. 14 — 22 á laugardag og sunnudag.




Þrír af forráðamönnum Húseininga h.f. frá vinstri: Sigurður Fanndal, Matthías Sveinsson og Þórarinn Vilbergsson.

Húseiningar hf. kynna einbýlishús í Breiðholti



Húsin tvö frá Húseiningum standa við Steinasel í Reykjavík.



Vilhjálmur Bergsson við þrjú verka sinna, sem verið var að setja upp á Kjarvalsstöðum í gær. Ljósm.: Kristján.

Frumkvöðull „lífrænna vídda"

„Þann stíl, er ég styðst við í listmálun minni, kalla ég lífrænar víddir," sagði Vilhjálmur Bergsson er hann gekk með blaðamanni Morgunblaðsins um salinn á Kjarvalsstöðum, þar sem hann opnar einkasýningu kl. 2 í dag.

Á sýningunni eru sjötíu og fimm verk, öll máluð á síðastliðnum átta árum. Þetta mun vera fimmtánda einkasýning Vilhjálms, þar af sú áttunda í Reykjavík en hann hefur haldið þrjár einkasýningar í Kaupmannahöfn og tekið þátt í sautján samsýningum hér á landi, í Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Hollandi og Bandaríkjunum.

Síðastliðið haust sýndi hann með þrettán listamönnum „á svipaðri bylgjulengd" í Charlottenborg. Stóð sýningin í hálfan mánuð og í henni tóku þátt danskir, enskir, finnskir og franskir listamenn auk hans. Sýning þessi vakti töluverða athygli, hennar var m.a. getið í franska sjónvarpinu og bæklingar um hana voru á boðstólum í Beaubourglistamiðstöðinni í París.

Sjálfur dvaldist Vilhjálmur í fimm mánuði í París í vetur, en þar stundaði hann nám í listmálun árin 1960—62 við Academie Notre Dame des Champs og við Academie Grande Chaumiere.

París er ekki lengur að mínu mati sú miðstöð lista, sem hún var þegar ég var þar við nám. Þeir listmálarar sem mótuðu „Parísarskólann" eru flestir horfnir af sjónarsviðinu og miðstöð listanna virðist hafa fylgt fjármagninu og flutzt yfir til New York. Frakkar eru að vonum súrir yfir þessu en meira að segja Centre Pompidou eða Beaubourt-listamiðstöðin hefur ekki náð því takmarki að gera París að hjarta listmálunar sem forðum. Þá er staðsetningin á þessu feiknabákni sem Beaubourg er alls ekki nógu góð og í kringum safnið safnast saman alls konar trúðar."

Vilhjálmur Bergsson er fæddur í Grindavík árið 1937. Hann byrjaði ungur að fikra sig áfram í myndlist og hélt til Kaupmannahafnar að afloknu stúdentsprófi árið 1958.

Þar var hann í tvö ár, málaði bæði súrealístískt, abstrakt og landslagsmyndir.

Hann bjó síðar í Kaupmannahöfn í fjögur og hálft ár. Á árunum 1964—66 mótaðist sá stíll, sem hann kallar lífrænar víddir og segist hann ekki hafa vitað um neinn annan sem byrjað hafi á þessum stíl á undan sér, þótt margir hafi fylgt í kjölfarið á eftir.

„Á þessum árum fann ég að engin sú stefna er ég hafði stuðzt við í listmálun höfðaði lengur til mín. Mér fannst ég ekki geta túlkað lengur á persónulegan máta hvorki súrealisma né abstrakt myndlist. En báðar þessar stefnur voru orðnar það fastmótaðar að engar nýjungar komu til frá minni hálfu. Popp-listin breiddist hins vegar óðfluga út um allan heim og þar sem ég gerði ráð fyrir að hún yrði fljótt álíka fastmótuð og fyrrnefndar stefnur, fannst mér ég verða að fara nýjar leiðir.

Málverk mín frá þessu tímabili voru ekki annað en dökkir fletir með ósamstæðum mótívum, sem göptu á móti ljósinu. Hægt og sígandi tóku þessi mótív á sig fastara form svo og ljós og skuggar á myndfletinum. Þetta var upphaf hinna „ljóðrænu vídda".

Vilhjálmur vill ekki nefna einn sérstakan læriföður í myndlistinni, en segir að margir hafi haft áhrif á sig, þ.á.m. Velazques hinn spánski.

Hann vill heldur ekki svara því beinlínis hvort hann sé brautryðjandi.

Framhald á bls. 26

Málverkasýning Vilhjálms Bergssonar á Kjarvalsstöðum

Umf. Grettir sýnir Pétur og Rúnu

-Hvammstanga, 14. apríl.

UNGMENNAFÉLAGIÐ Grettir í Miðfirði frumsýnir í kvöld leikritið Pétur og Rúnu eftir Birgi Sigurðsson. Leikstjóri er Magnús Guðmundsson frá Neskaupstað. Æfingar hafa staðið yfir undanfarnar vikur og eru leikendur 8 að tölu auk aðstoðarmanna. Í hlutverkum Péturs og Rúnu eru Arnór Benónýsson og Sigrún Einarsdóttir. Tónlist er leikin af hljómsveitinni Lexíu, öll frumsamin. Sýningar verða í félagsheimilinu Ásbyrgi og væntanlega verður reynt að fara með leikritið til sýninga í nágrannabyggðir.

—Karl.

Framboðslisti Framsóknar á Akureyri birtur

FRAMBOÐSLISTI Framsóknarflokksins við komandi bæjarstjórnarkosningar á Akureyri hefur verið birtur og skipa hann eftirtaldir menn:

1. Sigurður Óli Brynjólfss. kennari.
2. Tryggvi Gíslason skólameistari.
3. Sigurður Jóhanness. framkv.stjóri.
4. Jóhannes Sigvaldason ráðun.
5. Ingimar Eydal kennari.
6. Pétur Pálmason verkfr.
7. Valur Arnþórsson kaupfél.stjóri.
8. Haraldur M. Sigurðss. kennari.
9. Þóroddur Jóhannss. skrifst.maður.
10. Þóra Hjaltadóttir húsm.
11. Árni Bjarnason stýrim.
12. Jón Arnþórss. verksm.stjóri.
13. Guðrún Albertsd. bankastarfsm.
14. Sigrún Höskuldsd. kennari.
15. Ólafur Ásgeirsson lögr.þjónn.
16. Jóhann Sigurðss. verkstj.
17. Guðmundur Magnúss. útibússtj.
18. Þorleifur Ananíass. skrifst.m.
19. Sigurður Karlsson verkam.
20. Jón Kristinss. forst.maður.
21. Stefán Reykjalín bygg.meistari.
22. Jakob Frímannsson f.v. kaupf.stjóri.